

TILMÆLI nr. 21**frá 28. nóvember 1996****um beitingu a-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 gagnvart atvinnulausum sem fylgja maka sínum sem starfar í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki(*)**

(97/C 67/03)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt skilmálum 1. mgr. 69. gr. hefur launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem er með öllu atvinnulaus og fer til eins eða fleiri aðildarríkja annarra en hins lögbæra ríkis í leit að atvinnu, rétt á að halda atvinnuleysisbótum sínum með ákveðnum skilyrðum og takmörkunum.

Eitt þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í a-lið framangreindrar málsgreinar er að hlutaðeigandi einstaklingur hafi verið reiðubúinn að þiggja vinnu hjá vinnumiðlun hins lögbæra ríkis í fjórar vikur hið minnsta eftir að hann varð atvinnulaus.

Lokamálsliður a-liðarins gerir þó ráð fyrir að þar til bær stofnun eða vinnumiðlun geti heimilað brottför viðkomandi áður en þessar fjórar vikur eru liðnar.

Þetta leyfi skal að jafnaði veitt einstaklingum sem óska eftir að fylgja maka sínum sem hefur fengið starf í öðru aðildarríki, enda uppfylli þeir önnur skilyrði sem eru sett í 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

Við ákvarðanatöku skulu ákvæði 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 lögð til grundvallar.

LAGT TIL EFTIRFARANDI við þar til bæra vinnumiðlun eða stofnun:

1. Leyfi til brottfarar áður en fjögurra vikna fresturinn, sem kveðið er á um í lokamálslið a-liðar 1. mgr. 69. gr., er runninn út skal veitt launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi sem er með öllu atvinnulaus, uppfyllir öll önnur skilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 69. gr. og fylgir maka sínum sem hefur fengið starf í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki.
2. Tilmæli þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að þau birtast í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Denis CROWLEY

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 67, 4. 3. 1997, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/97 frá 28. nóvember 1997 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.